

59 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og börnum þeirra í Hvammshreppi, er í sjó eða vötnum drukkna eða hrapa til bana, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland 22. maí 1903.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og börnum þeirra í Hvammshreppi, er í sjó eða vötnum drukkna eða hrapa til bana.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frjálsum samskotum veturinn 1894, er voru að upphæð um síðustu áramót, ásamt vöxtum frá því hann var stofnaður, 120 krónur 34 aurar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitlar ekkjur og börn drukknaðra eða hrapaðra manna í Hvammshreppi.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, hreppstjóra Hvammshrepps og 2 hreppsþúum, er kosnir skulu á vorhreppapingi ár hvert. Stjórnin veitir gjöfum og öðrum tekjum sjóðsins viðtöku og hefur hún ábyrgð á að ekkert af eignum hans glatist. Hún semur reikning sjóðsins við hver áramót og leggur hann fram fyrir sýslunefnd Vesturskaptafellssýslu til úrskurðar.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða; hann skal ávaxtaður í Söfnunar-sjóði Íslands og vextirnir lagðir við höfuðstólinn þar til þeir nema 100 krónum. Uppfrá því má verja allt að $\frac{4}{5}$ hlutum vaxtanna samkvæmt fyrir mælum 2. greinar, en $\frac{1}{5}$ hluti leggst við höfuðstólinn.

5. gr.

Þegar sá tími kemur að veitt verður úr sjóðnum, skal stjórn hans eiga fund með sjer í maí mánuði ár hvert, og ber þá þeim, er styrks æskja, að hafa sent stjórninni beiðni sína um styrkinni fyrir lok aprílmánaðar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður styrkveitingar allar. Skal styrkur árlega veittur eptir efnum og ástæðum þeirra, er hans eiga að njóta. — Minnst styrkveiting skal vera 20 krónur.

7. gr.

Sýslunefnd Vesturskaptafellssýslu skal hafa eptirlit með að skipulagsskrá sjóðsins sje eigi brotin.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar.

Vík 28. október 1902.

Halldór Jónsson. Gunnar Olafsson. Þorsteinn Jónsson.